



**Fjallabyggð**

**2009**

**Menningarstefna**

**Fjölbreytni – Sköpun – Arfleifð**

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Leiðarljós .....	3
Framtíðarsýn menningarmála í Fjallabyggð .....	3
Markmið og leiðir .....	3
Hlutverk sveitarfélagsins .....	3
Samstarf og samstaða .....	4
Saga, minjar og söfn .....	4
Hátíðir, verkefni og viðburðir .....	5
Aðstaða fyrir menningarstarfsemi.....	5

## Formáli

Menningarmál hafa á undanförunum árum fengið aukið vægi í umræðu um byggðamál. Starfshópur um menningarmál á landsbyggðinni var skipaður af menntamálaráðherra árið 2000. Þar voru sveitarfélög hvött til að móta sér menningarstefnu og lagt til að á grundvelli slíkrar stefnumótunar gætu þau samið við menntamálaráðuneytið um fjárhagsgrunn menningarstarfs.

Menningarlífið er ein af auðlindum Fjallabyggðar. Með þessari stefnu er lagður grunnur að eflingu þess og auknu aðgengi heimamanna jafnt sem ferðafólks að þessari auðlind. Menningarstefnan er staðfesting og viðurkenning á mikilvægi og gildi menningarlífs í sveitarfélaginu.

Stefnan er unnin í samvinnu menningarnefndar, menningarfulltrúa og þróunarstjóra, en einnig var leitað til áhugafólks um menningu í Fjallabyggð og fagfólks á sviði menningarmála.

Stefnunni er ekki ætlað að vera endanleg og óbreytanleg heldur skref í átt að eflingu menningarlífs í Fjallabyggð – verkefni sem er í stöðugri mótun.

## Leiðarljós

Fjölbreytni – Sköpun - Arfleifð

## Framtíðarsýn menningarmála í Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er auðug og metnaðarfull menningarstarfsemi sem byggð er á góðu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Allir íbúar eiga kost á að njóta menningarlífs og eru virkir þátttakendur í menningarstarfi. Menning gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins og er mikilvæg fyrir aðdráttarafl þess til búsetu og fyrir ímynd samfélagsins. Aðstaða fyrir menningarstarfsemi er til fyrirmyndar og góð skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun menningararfs. Lögð er áhersla á fagmennsku og skapandi, lifandi listastarfsemi. Hlúð er að þeirri menningu sem fyrir er og góðar forsendur eru fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.

## Markmið og leiðir

### Hlutverk sveitarfélagsins

Fjallabyggð stefnir að því að verða leiðandi aðili í menningarstarfi í sveitarfélaginu með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum. Sveitarfélagið ætlar að tryggja nægilegt fjármagn til málaflokksins til að framfylgja stefnu þessari og mun stuðla að góðri nýtingu þeirra fjármuna.

- Menningarmál skulu viðurkennd sem mikilvægur liður í lífsgæðum íbúa, búsetuskilyrðum og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- Gerð skal langtímaáætlun um uppbyggingu á sviði menningarmála þar sem verkefnum verður forgangsraðað og þau tímasett.
- Bæjastjórn Fjallabyggðar skal setja sér skýrar og gagnsæjar reglur um úthlutun styrkja til menningarmála sem tryggja jafnan aðgang að stuðningi og fjármagni sem veitt er til málaflokksins á forsendum sveitarfélagsins.
- Gert skal ráð fyrir menningarmálum í fjárhagsáætlunum og stuðlað að góðri nýtingu fjármagns sem veitt er til málaflokksins.

- Menningarfulltrúi skal fylgjast vel með framboði á styrkjum til menningarstarfs og öðrum möguleikum á fjármögnun, upplýsa hagsmunaaðila í Fjallabyggð um tækifæri á því sviði og aðstoða og leiðbeina þeim um gerð umsókna.
- Menningarfulltrúi og menningarnefnd skulu framfylgja mótaðri stefnu, stuðla að öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, hvetja til samstarfs og veita metnaðarfullum verkefnum brautargengi.
- Markvisst skal unnið að uppbyggingu aðstöðu til menningarstarfs, svo sem húsnæðis safna og húsnæðis fyrir menningarviðburði.
- Bæjarstjórn Fjallabyggðar skal kappkosta að skapa menningarlífi sveitarfélagsins gott og snyrtilegt umhverfi og umgjörð.
- Unnið skal að endurbótum á mannvirkjum menningarstofnana sveitarfélagsins og leitað til menntamálaráðuneytis um stuðning við einstök verkefni.
- Veittur skal stuðningur til metnaðarfullra menningarverkefna og menningarviðburða.
- Fræðslustofnanir sveitarfélagsins skulu stuðla að menningarlegu uppeldi nemenda sinna í góðum tengslum við menningu Fjallabyggðar, miðla menningararfi og efla nemendur í listsköpun.
- Hlúð verður að fjölmennarlegu samfélagi þar sem menning ólíkra hópa fær notið sín og fjölbreytni menningarlífs í Fjallabyggð þannig aukin.

### Samstarf og samstaða

Stefnt skal að nánu samstarfi þeirra sem starfa að menningarmálum í Fjallabyggð, svo sem menningarstofnana, áhugafólks, fyrirtækja og félagasamtaka. Góð samvinna og samráð skal vera milli Fjallabyggðar, annarra sveitarfélaga og ráðuneyta og stofnana á vegum ríkisins á sviði menningarmála. Fyrirtæki og einstaklingar skulu hvött til virkrar þátttöku í menningarverkefnum.

- Menningarvitund og þekking á menningarsögu og menningararfleifð í Fjallabyggð skal eflid.
- Menningarstarfi í Fjallabyggð verður komið á framfæri við bæjarbúa sem og aðra landsmenn og erlenda aðila.
- Leitað verður eftir samstarfi við listamenn og söfn í öðrum sveitarfélögum.
- Markvisst skal unnið að því að íbúar Fjallabyggðar verði meðvitaðir um framboð á menningarviðburðum, ekki aðeins í sínum byggðarkjarna heldur sæki menningarviðburði í auknum mæli á milli staða.
- Unnið skal að því, í samráði við menningarráð Eypings, að auka samstarf í menningarmálum í sveitarfélögum við Eyjafjörð, aðra landshluta og einnig erlenda aðila.
- Lögð verður áhersla á aukna samvinnu safna og annarra menningarstofnana.
- Unnið verður að því að auka aðkomu fyrirtækja og einstaklinga að verkefnum tengdum menningu.
- Komið verður upp aðgengilegum upplýsingum á heimasíðu um alla þá er sinna menningu og menningarstarfsemi í Fjallabyggð.

### Saga, minjar og söfn

Stefnt skal að því að skrá menningararf Fjallabyggðar. Menningarminjar skulu gerðar sýnilegar þar sem menningarleg og söguleg sérstaða Ólafsfjarðar og Siglufjarðar fær notið sín. Metnaðarfullt samstarf skal vera við söfn og listastofnanir. Menningarvitund og þekking íbúa á eigin menningarverðmætum og arfleifð skal eflid með markvissum hætti.

- Lögð skal áhersla á aukið samstarf milli safna og sýningarhúsa í Fjallabyggð og þeim gert kleift að taka að sér aukin verkefni.
- Aðgengi safnanna skal bætt og nútímavætt svo almenningur eigi auðveldara með að afla sér fræðslu og þekkingar.
- Áfram verður hlúð að þeirri menningarstarfsemi sem fyrir er í Fjallabyggð.
- Leitast verður við að auka möguleika á uppbyggingu atvinnutengdrar menningarstarfsemi.
- Markvisst verður unnið að því að gera söguna aðgengilegri og skilgreina menningarsögulegt gildi og sérkenni svæða. Fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum verður þannig gert auðveldara að marka sér stefnu og skilgreina verkefni, til dæmis á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Framboð á menningartengdri afþreyingu verður aukið.
- Stoðir safna, list- og handverkshúsa verða styrktar.

### Hátíðir, verkefni og viðburðir

Stefnt er að því að efla þær menningarhátíðir sem haldnar eru í Fjallabyggð. Heimamönnum skal gert kleift að sækja fjármagn til metnaðarfullra verkefna og viðburða á sviði menningar og lista. Íbúar Fjallabyggðar skulu fá tækifæri til virkrar þátttöku í menningarlífi óháð aldri eða uppruna og stutt verður við frumkvæði og framtak á sviði menningar sem hópar, samþök og einstaklingar standa fyrir.

- Sveitarfélagið mun styðja við menningarhátíðir og gera ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun.
- Lögð verður áhersla á fjölbreytni og gæði menningarstarfs.
- Stuðlað verður að listauppeldi ungs fólks.
- Menningarviðburðir og ferðaþjónusta verða tengd saman í auknum mæli.
- Lögð verður áhersla á að draga fram sögu staðanna og sérstöðu.
- Stutt verður við þá menningarstarfsemi sem fyrir er, jafnframt því að hvetja til nýrra verkefna.
- Leitað verður leiða til að efla menningarstarf fólks á öllum aldri og koma á viðburðum og verkefnum sem sérstaklega eru til þess fallin að efla vitund um menningu og gildi hennar.
- Menningarnefnd skal árlega velja bæjarlistamann Fjallabyggðar.

### Aðstaða fyrir menningarstarfsemi

Stefnt er að því að söfnum og annarri menningartengdri starfsemi verði búin góð, nútímaleg og hentug aðstaða bæði fyrir starfsfólk og gesti.

- Aðgengi íbúa að menningarstarfi verður bætt.
- Komið verður á fót listasafni og náttúrufræðasetri í góðu húsnæði sem hentar starfseminni.
- Leitað verður leiða til að finna félagsheimili og öðrum menningarhúsum sveitarfélagsins fjölþættara hlutverk og styrkja þannig rekstrargrundvöll þeirra.
- Hugað verður að aðstöðu til sköpunar fyrir fræða- og listafólk svo Fjallabyggð verði ákjósanleg til búsetu fyrir þessa hópa.
- Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar verða hvött til að hlúa að miðbæjum byggðakjarnanna í Fjallabyggð til að skapa aðlaðandi og líflegt mannlíf og eftirsóknarvert umhverfi til menningarlífs.